

EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði



Dags eftirlits	3.9.2015	Fulltrúi UST	Hákon Hansson
Fyrirtæki	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5812012650	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Ásgrímsson	ÍSAT nr.	15.20.72
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	735718,92 501484,078

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitsferðinni, en gerð er ein athugasemd. Nýtt starfsleyfi verksmiðjunnar var gefið út 17. september sl. og gildir til september 2030.

Hráefni sem unnið er í verksmiðjunni er aðallega loðna, en einnig síld, makrill og kolmunni. Varðandi síld og makrill er fyrst og fremst um að ræða úrgang frá frystihúsi og annarri vinnslu fyrirtækisins, þ.e. hausa, slóg og úrkast, sem fer til bræðslu.

Allt athafnasvæði og umhverfi verksmiðjunnar er snyrtilegt og öll umgengni bæði utan húss og innan er til fyrirmyndar. Á athafnasvæði verksmiðjunnar var hvergi að sjá mengun eða óþrifnað sem rekja má til starfsemi verksmiðjunnar. Hins vegar sást lítils háttar mengun í sjó, sbr. kvörtun frá deginum áður.

Grænu bókhaldi hefur verið skilað undanfarin ár, síðast í ágúst 2015 fyrir árið 2014.

UMFANG EFTIRLITS

Í upphafi eftirlits var fundað með verksmiðjustjóra og farið sameiginlega yfir starfsleyfi fyrirtækisins, sem gefið var út 17. 9. 2014, og síðustu eftirlitsskýrslu. Síðan var verksmiðjan og umhverfi hennar skoðað í fylgd verksmiðjustjóra.

Fram kom á fundi að gerðar voru mælingar á hraða útblásturslofts frá skorsteini og að mæling á losun frárennslis fór fram 23.-24. 4. 2015. Niðurstöður voru sendar til Umhverfisstofnunar. Verkfræðistofan Efla sá um mælinguna. Allar mælingar og skil á skýrslum eru í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

TVN er alltaf mælt og skráð reglulega og niðurstöður sendar til Umhverfisstofnunar.

ATHUGASEMDIR

Í byrjun september barst kvörtun vegna mengunar í sjó frá verksmiðjunni og í beinu framhaldi var farið í eftirlit. Ljóst er að fitugildra annar ekki gegnumstreymi á mestu annatímum og í undirbúningi eru lagfæringar skv. orðum verksmiðjustjóra. Ráðgert er að setja fleytibúnað á fitugildruna.

ANNAÐ

Annað slagið er kvartað yfir lykt frá verksmiðjunni við starfsmenn verksmiðjunnar. Þær kvartanir koma einkum frá íbúum efst í bænum, sem er lengst frá verksmiðjunni.

Ljóst er að betri kæling í skipum leiðir til þess að TVN er alltaf mjög lágt.

Reykjavík, 10.09.2015

Hákon Hansson

Hákon Hansson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar umhverfisverndar og örvænns en sem ekki ætla talist frávik